

Nd.

631. Lög

um sorphreinsun og salernahreinsun á Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 17. maí).

1. gr.

Bæjarstjórnin getur tekið að sjer sorphreinsun og salernahreinsun í öllum bænum, eða nokkrum hluta hans.

Til þess að standa straum af kostnaði þeim, sem af hreinsuninni leiðir, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjald á hús þau, sem hreinsað er fyrir, eftir reglugerð, sem bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, og sje gjaldið miðað við það, hve oft er hreinsað.

Húseigandi greiðir gjaldið.

2. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki sem önnur gjöld til bæjarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.